



# LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

1.tbl – Júlí 2015

**Susanne Mølgaard Kaarsholm** dýralæknir frá Danmörku kom til landsins og **augnskoðaði** 162 hunda 4.-6. júní síðastliðinn í Sólheimakoti og á Akureyri. Var nú í fyrsta sinn boðið upp á augnskoðun á föstudegi og tóku félagsmenn þeirri nýbreytni mjög vel. Mikið er lagt uppúr ræktun heilbrigðra hunda á Íslandi og reyndist stærstur hluti hundanna án einkenna um arfgenga augnsjúkdóma.

**Fulltrúar** HRFÍ sátu **aðalfund FCI** í Mílanó 7.-9. júní. Að þessu sinni voru meðal annars samþykktar breytingar á regluverki samtakanna sem varða viðurlög við ítrekuðum brotum aðildarþjóða FCI. Áberandi er hversu ólíkt viðhorf þjóða innan FCI er til hundahalds og sýninga. Gjald fyrir alþjóðlegar sýningar var hækkað um 12% sem vissulega kemur til með að auka útgjöld HRFÍ vegna alþjóðlegra sýninga. Samþykkt voru tvö ný hundakyn frá Rúmeníu; fjárhundarnir Ciobanesc Romanesc Carpatin og Ciobanesc Romanesc Mioritic. Þá var samþykkt kyn frá Taiwan - sem heitir í höfuðið á landinu sínu, Taiwan Dog.



Ciobanesc Romanesc Carpatin



Ciobanesc Romanesc Mioritic



Taiwan Dog

Á fundinum var jafnframt starf Ungmennadeildar FCI Youth kynnt. <http://www.fci.be/en/FCI-Youth-Presentation-115.html> en ýtarleg **skýrsla aðalfundarins** fylgir með fréttabréfinu sem pdf skjal.

**Hafdís Jóna Þórarinsdóttir** var **fulltrúi HRFÍ** í **keppni ungra sýnenda** á Heimsýningunni í Mílanó og stóð sig með stakri þryði en komst þó ekki í sæti að þessu sinni.

**HRFÍ** hefur andúð á hves kyns dýraníði og **mótmælti harðlega „hátíð um hundaát“** sem er árlegur viðburður í Yulin í Kína. Velferð hunda í heiminum skiptir félagið miklu máli og fordæmir HRFÍ að sjálfsögðu þá „hátíð“ sem Kínverjar halda enn ár hvert. <http://www.hrfi.is/freacutettir/dog-meat-festival-i-yulin-kina>

**Cavalierdeild** hélt **deildarsýningu** 13. júní og til að dæma sýninguna var fengin hinn virti Cavalierræktandi frá Bretlandi, Veronica Hull. Sýningin var haldin í verslun Gæludýr.is á Korputorgi og voru 77 hundar skráðir til leiks. Margt var um manninn og mikil gleði ríkjandi. Dómarinn var ánægður með gæði hundana og valdi ungan og efnilegan hund Ljúflings Kiljan sem besta hund sýningar.



**Ritara- og hringstjóranámskeið** var haldið hjá HRFÍ 18. og 25. júní og hafði Þorsteinn Thorsteinson umsjón með námskeiðinu. Ritara- og hringstjórar eru nauðsynlegir á sýningum félagsins og finnst fólki almennt mjög gaman og áhugavert að vinna þessi störf. HRFÍ stendur fyrir ókeypis námskeiðum til að þjálfa fólk í þessi störf. Á síðasta námskeið mættu níu manns og er vonast til að þessir frambærilegu þátttakendur skili sér í vinnu á sýningum félagsins.

**Deild íslenska fjárhundsins** hélt **deildarsýningu** 20. júní í Félagslundi í Flóahreppi en þar þreytti frumraun sína Lilja Dóra Halldórsdóttir sem íslenskur sýningadómari. 62 hundar voru skráðir til leiks og valdi Lilja Dóra tíkina Ístjarnar Kötlu sem besta hund sýningar. Um kvöldið var sameiginlegur kvöldverður þar sem var grillað, sungið og trallað. Morguninn eftir var svo haldið hið sívinsæla víkinga rally þar sem hundar og eigendur kepptu í þrautabraut. Sýningin var öll hin glæsilegasta, veður gott og gleði ríkjandi.



**Fjár- og hjarðhundadeild** HRFÍ hélt skemmtilega **miðnætursýningu** síðdegis 20. júní. Þá voru 89 hundar skráðir til leiks af sjö tegundum og Steve Gladstone fenginn frá Bandaríkjunum til þess að dæma. Sýningin hófst klukkan 17 og stóð fram yfir miðnætti. Steve valdi Australian shepherd tíkina Stonehaven Bayshore Miu Miu sem besta hund sýningar. Góður andi lá í loftinu og gleðin hélt áfram fram eftir nóttu eftir að dómum lauk



**Hvolpasýning HRFÍ** var haldin laugardaginn 4. júlí síðastliðinn og heppnaðist reglulega vel. Dómaranemar hafa dæmt hvolpasýningar félagsins með góðum árangri og kom það í hlut Þorsteins Thorsteinsonar og Guðrúnar Th. Guðmundsdóttur að þessu sinni. Dæmdu þau í hvort í sínum hringnum og völdu bestu hvolpa tegundar af 28 tegundum. Til leiks voru skráðir 68 hvolpar og stóðu þeir sig með stakri þrýði. Besti hvolpur sýningar kom úr eldri hvolpaflokki; Lhasa apso hvolpurinn Chic Choix Domus Aurea.



### Júlí er spennandi mánuður hjá félaginu og margt um að vera.

- Glæsileg **tvöföld útisýning** verður haldin helgina **25.-26. júlí** í Víðidalnum, félagssvæði hestamannafélagsins Fáks. Fjölmarginir erlendi dómara munu mæta og velja þá hunda sem þeir telja skara framúr á meðal jafningja. Á föstudagskvöldið **24.júlí** verður **hvolpasýning** og **keppni ungra sýnenda**.
- **Retrieverdeild HRFÍ** verður með deildaviðburð helgina **10.-12. júlí** á Brautarholti á Skeiðum. Á laugardeginum er sýning þar sem 74 hundar af fjórum tegundum munu etja kappi undir dómgæslu hjá Philippe Lammens dómara. Jafnframt verður tvöfalt veiðipróf með veiðirprófsdómaranum Ole J. Andersen sem hefst á föstudeginum 10. júlí og stendur yfir alla helgina, 36 hundar taka þátt.
- **Fuglahundadeild** heldur sækipróf helgina **18.-19. júlí**. Sækipróf inniheldur spor, sókn í vatn og á landi. Prófað verður í Unghunda- og opnum flokki. Dómari verður Kjell Larsen sem kemur frá Noregi. Nánar má sjá um prófið og staðsetningu á [www.fuglahundadeild.is](http://www.fuglahundadeild.is)
- **Vinnuhundadeild HRFÍ** mun svo standa fyrir sporaprófi **22. júlí**. Þar er keppt í spori 1,2,3 og Eelite., hundarnir þurfa að rekja slóð á vissum innan ákveðinna tímamarka og fá 0-100 stig fyrir það hversu vel þeir rekja sporið.